

## AFKOMA ARION BANKA Á FYRRI ÁRSHELMINGI 2017

Fyrstu sex mánuðir ársins 2017 bornir saman við sama tímabil 2016:

- Rekstrartekjur 27,3 ma.kr. (27,2 ma.kr.)
- Hagnaður 10,5 ma.kr. (9,8 ma.kr.)
- Hagnaður á hlut í kr. 5,23 (kr. 4,62)
- Vaxtamunur (NIM) 3,0% (3,1%)
- Arðsemi eiginfjár 9,7% (9,5%)
- Kostnaðarhlutfall 50,6% (55,8%)
- Hlutfall eiginfjárbáttar A 27,8% (26,8%)

### Höskuldur H. Ólafsson, bankastjóri:

„Afkoma Arion banka á fyrstu sex mánuðum ársins er góð og nokkuð umfram væntingar. Grunnrekstur bankans gekk vel á tímabilinu og einskiptisliðir hafa jákvæð áhrif afkomuna. Bankinn er fjárhagslega sterkur eins og eiginfjárlutfall bankans ber með sér en það er 28,4%. Bankinn er vel í stakk búinn að styðja við viðskiptavinum sína og íslenskt atvinnulíf.“

Hagnaður Arion banka á fyrri helmingi ársins 2017 nam 10,5 milljörðum króna samanborið við 9,8 milljarða króna á sama tímabili 2016. Arðsemi eigin fjár var 9,7% samanborið við 9,5% fyrir sama tímabil árið 2016.

Hagnaður Arion banka á öðrum ársfjórðungi ársins 2017 nam 7,1 milljarði króna samanborið við 6,9 milljarða króna á sama tímabili 2017. Arðsemi eigin fjár á fjórðungnum var 13,0% en nam 13,3% á sama tímabili 2016.

Heildareignir námu 1.126,4 milljörðum króna í lok júní samanborið við 1.036,0 milljarða króna í árslok 2016 og eigið fé hluthafa bankans nam 221,6 milljörðum króna í lok júní, samanborið við 211,2 milljarða króna í árslok 2016. Efnahagur bankans er sterkur og hefur mikil áhersla verið lögð á að tryggja lausafjárstöðu í tengslum við afnám fjármagnshafta, sem nú er að mestu lokið.

Eiginfjárlutfall bankans var 28,4% í lok júní en var 27,1% í árslok 2016. Hlutfall eiginfjárbáttar A hækkaði og nam 27,8% samanborið við 26,5% í árslok 2016.

Helstu rekstrar- og kennitölur bankans eru eftirfarandi:

### Rekstrarreikningur

Í milljónum króna	6 mán. '17	6 mán. '16	Breyt.	2F 2017	2F 2016	Breyt.
Hreinar vaxtatekjur	15.320	14.626	5%	8.160	7.353	11%
Hreinar þóknatekjur	6.838	6.747	1%	3.508	3.528	(1%)
Aðrar tekjur	5.174	5.810	(11%)	3.151	4.343	(27%)
<b>Rekstrartekjur</b>	<b>27.332</b>	<b>27.183</b>	<b>1%</b>	<b>14.819</b>	<b>15.224</b>	<b>(3%)</b>
Rekstrarkostnaður	(13.840)	(15.156)	(9%)	(5.784)	(7.958)	(27%)
Bankaskattur	(1.574)	(1.485)	6%	(777)	(743)	5%
Hrein virðisbreyting	1.289	945	36%	409	1.448	(72%)
<b>Hagnaður fyrir skatta</b>	<b>13.207</b>	<b>11.487</b>	<b>15%</b>	<b>8.667</b>	<b>7.971</b>	<b>9%</b>
Tekjuskattur	(3.161)	(2.091)	51%	(1.827)	(1.354)	35%
Afkoma af eignum til sölu	420	363	16%	273	259	5%
<b>Hagnaður</b>	<b>10.466</b>	<b>9.759</b>	<b>7%</b>	<b>7.113</b>	<b>6.876</b>	<b>3%</b>

### Helstu kennitölur

Arðsemi eigin fjár	9,7%	9,5%	13,0%	13,3%
Hagnaður á hlut (í krónum)	5,23	4,62	3,56	3,38
Vaxtamunur á vaxtaberandi eignir	3,0%	3,1%	3,1%	3,1%
Kostnaðarhlutfall	50,6%	55,8%	39,0%	52,3%
Hlutfall eiginfjárbáttar A	27,8%	26,8%	27,8%	26,8%



Helstu efnahags- og kennitölur bankans eru eftirfarandi:

<i>Í milljónum króna</i>	<b>30.06.2017</b>	<b>31.12.2016</b>	<b>Breyt.</b>	<b>Breyt.%</b>
Lán til viðskiptavina	733.649	712.422	21.226	3%
Aðrar eignir	392.762	323.602	69.160	21%
Skuldir	904.644	824.640	80.004	10%
Eigið fé	221.767	211.384	10.383	5%
Útlán sem hlutfall af innlánum	167,7%	172,9%		
Áhættuvegnar eignir sem hlutfall af heildareignum	67,0%	72,7%		
Hlutfall eiginfjárbáttar A	27,8%	26,5%		

Varðandi nánari fjárhagsupplýsingar vísast til árshlutareiknings samstæðu Arion banka fyrir tímabilið 1. janúar – 30. júní 2017, sem birtur er á heimasíðu bankans, [www.arionbanki.is](http://www.arionbanki.is)

## HÖSKULDUR H. ÓLAFSSON, BANKASTJÓRI ARION BANKA:

„Afkoma Arion banka á fyrstu sex mánuðum ársins er góð og nokkuð umfram væntingar. Grunnrekstur bankans gekk vel á tímabilinu og einskíptisliðir hafa jákvæð áhrif afkomuna. Bankinn er fjárhagslega sterkur eins og eiginfjárhlutfall bankans ber með sér en það er 28,4%. Bankinn er vel í stakk búinn að styðja við viðskiptavinum sína og íslenskt atvinnulíf.

Við höfum einsett okkur að vera fremsti bankinn á Íslandi þegar kemur að stafrænum lausnum. Markmiðið er að bjóða viðskiptavinum okkar upp á þægilegri bankaþjónustu. Að þeir geti með einföldum hætti sinnt sínum fjármálum, hvort sem þeir þurfa að millifæra, fá yfirdráttarlán, dreifa kreditkortagreiðslum, huga að sínu sparifé eða sækja um greiðslumat og íbúðalán. Markviss þróunarvinna á þessu sviði og tilkoma rafrænna skilríkja hefur leitt til þess að viðskiptavinir okkar geta gert allt þetta og fleira til í Arion appinu og netbankanum hvar og hvenær sem þeim hentar best. Við höfum jafnframt auðveldað fólki og fyrirtækjum að koma í viðskipti til okkar með þægilegum hætti í gegnum vefinn. Okkar framtíðarsýn í þessum efnum er skýr og við munum halda áfram á þessari braut og kynna til leiks fleiri stafrænar lausnir á næstu mánuðum.

Á árinu 2014 ákvað Arion banki að leggja Sameinuðu sílikoni (United Silicon) lið og aðstoða félagið við fjármögnun en þá hafði verið unnið að undirbúningi verkefnisins um nokkurra ára bil. Bankinn lagði verkefninu til verulegt lánsfé eins og greint er frá í árshlutareikningi bankans. Horft var til fjölmargra þátta við ákvörðunina; öll leyfi voru til staðar, eftirspurn og markaðsverð afurðarinnar var gott, tæknin var margreynd, stjórnvöld og sveitarfélagið voru áfram um framkvæmdina og að verkefninu komu innlendir og erlendir sérfræðingar og fjárfestar. Jafnframt lá fyrir að reynsla af kísilverum var almennt góð og að um var að ræða verkefni sem skapaði bæði störf þar sem þörf var fyrir hendi og gjaldeyrstekjur fyrir þjóðarþú sem bjó við gjaldeyrishöft. Starfsemi United Silicon hófst svo í nóvember 2016 en því miður komu ítrekuð áföll upp í starfseminni. Félagið hefur óskað eftir greiðslustöðvun og leitar nú nauðasamninga við kröfuhafa. Arion banki fylgist náið með þróun mála og leggur félaginu lið í greiðslustöðvun sem helsti lánveitandi þess. Forgangsverkefni er að klára nauðsynlegar úrbætur á verksmiðjunni þannig að framleiðsla og umhverfisþættir starfseminnar verði í lagi til frambúðar og verksmiðjan starfi í sátt við samfélagið.

Á þessum fyrstu sex mánuðum ársins hefur bankinn gefið út samtals 500 milljónir evra í tveimur alþjóðlegum skuldabréfaútgáfum. Aukinn fjöldi fjárfesta horfir til Arion banka sem fjárfestingarkosts, m.a. vegna jákvæðrar þróunar á útgáfum bankans á eftirmarkaði á liðnum misserum. Jafnframt er aðgengi bankans að innlendir fjármögnun gott. Bankinn greiddi á tímabilinu upp að fullu skuldabréf frá Kaupþingi sem gefin voru út í tengslum við nauðasamninga Kaupþings og er Arion banki því nú að fullu fjármagnaður á markaði.

Eins og kunnugt er dró til tíðinda hvað eignarhald bankans varðar þegar alþjóðlegir fjárfestingarsjóðir keyptu um 29% hlut í bankanum í marsmánuði. Áfram er unnið að sölu hlutar Kaupþings í bankanum og meðal þeirra kosta sem í skoðun eru er almennt hlutafjárútboð og skráning í kauphöll hér á landi og erlendis en enn sem komið er hefur ekki verið tekin ákvörðun um næstu skref.“



## REKSTRARREIKNINGUR

Í milljónum króna	6 mán. '17	6 mán. '16	Breyting	Breyt. %
Hreinar vaxtatekjur	15.320	14.626	694	5%
Hreinar þóknatekjur	6.838	6.745	93	1%
Hreinar fjármunatekjur	3.205	3.496	(291)	(8%)
Hreinar tekjur af tryggingastarfsemi	1.053	391	662	169%
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarféлага og niðurfærsla	(934)	695	(1.629)	(234%)
Aðrar rekstrartekjur	1.850	1.231	619	50%
<b>Rekstrartekjur</b>	<b>27.332</b>	<b>27.184</b>	<b>148</b>	<b>1%</b>
Laun og launatengd gjöld	(8.783)	(8.426)	(357)	4%
Annar rekstrarkostnaður	(5.057)	(6.729)	1.672	(25%)
Bankaskattur	(1.574)	(1.485)	(89)	6%
Hrein virðisbreyting	1.289	945	344	36%
<b>Hagnaður fyrir skatta</b>	<b>13.207</b>	<b>11.489</b>	<b>1.718</b>	<b>15%</b>
Tekjuskattur	(3.161)	(2.091)	(1.070)	51%
<b>Hagnaður af áframhaldandi starfsemi</b>	<b>10.046</b>	<b>9.398</b>	<b>648</b>	<b>7%</b>
Afkoma af eignum til sölu eftir skatta	420	363	57	16%
<b>Hagnaður</b>	<b>10.466</b>	<b>9.761</b>	<b>705</b>	<b>7%</b>

**Rekstrartekjur** námu 27,3 milljörðum króna á fyrri helmingi ársins 2017, samanborið við 27,2 milljarða króna á sama tímabili 2016. Helstu breytingar milli ára eru vegna hlutdeildar í afkomu hlutdeildarféлага en afkoman er neikvæð á fyrstu sex mánuðum ársins 2017 vegna niðurfærslu á eignarhlut en var jákvæð á sama tímabili 2016. Hreinar tekjur af tryggingastarfsemi hækka með innkomu Varðar sem dótturfélags undir lok árs 2016 og einnig hækka aðrar tekjur vegna matsbreytinga á fyrstu sex mánuðum ársins 2017.

*Hreinar vaxtatekjur* hækka um 5% milli ára og vaxtamunur af meðalstöðu vaxtaberandi eigna nam 3,0% á fyrstu sex mánuðum ársins 2017, en var 3,1% á sama tímabili 2016. Aukningu hreinna vaxtatekna má einkum skýra með auknum vaxtaberandi eignum, samanborið við fyrra ár.

*Hreinar þóknatekjur* hækka um 1% milli ára, einkum vegna aukinna umsvifa á viðskiptabankasviði, m.a. með opnun útbús bankans á Keflavíkurflugvelli, á meðan tekjur annarra sviða standa í stað eða lækka frá fyrra ári.

*Hreinar fjármunatekjur* námu 3.205 milljónum króna á fyrri helmingi ársins, samanborið við 3.495 milljónir króna á sama tímabili 2016. Hagstæðar markaðsaðstæður með skráð hlutabréf og skuldabréf skýra jákvæðar fjármunatekjur en á fyrri hluta ársins 2016 var það einkum hagnaður af sölu eignarhlutar í Visa Europe sem skýrði jákvæðar fjármunatekjur. Gangvirðisbreytingar afleiðna sem nýttar eru til áhættuvarna draga fjármunatekjur nokkuð niður á tímabilinu.

*Hreinar tekjur af tryggingastarfsemi* námu 1.053 milljónum króna, samanborið við 391 milljón króna á fyrri helmingi ársins 2016. Aukningin er tilkomin vegna kaupa Arion banka á Verði í lok september 2016.

*Hlutdeild í afkomu hlutdeildarféлага og niðurfærsla* var neikvæð um 934 milljónir króna, samanborið við 695 milljóna króna hagnað á sama tímabili 2016. Meginskýringin er tæplega 1.000 milljóna króna niðurfærsla á eignarhlut bankans í hlutdeildarfélaginu Sameinað Sílikon hf. (United Silicon) á fyrri helmingi ársins 2017 samanborið við hagnað af sölu eignarhlutar samstæðunnar í Bakkavor Group Ltd. á sama tímabili 2016.

*Aðrar rekstrartekjur* hækka um 620 milljónir króna á fyrri helmingi ársins 2017 samanborið við sama tímabil 2016 og nema 1.850 milljónum króna. Stóran hluta hækkunarinnar má rekja til jákvæðra matsbreytinga á fjárfestingareignum á fyrri helmingi ársins 2017.

**Rekstrarkostnaður** nam samtals 13.840 milljónum króna á fyrri helmingi 2017, samanborið við 15.156 milljónir króna á sama tímabili 2016. Kostnaðarhlutfall var 50,6% samanborið við 55,8% á fyrri helmingi 2016. Þessa lækkan á kostnaðarhlutfalli má að mestu rekja til bakfærslu á skuldbindingu bankans við Tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta að fjárhæð 2.669 milljónir króna en bankinn hefur fengið staðfestingu þess efnis að sjóðurinn muni ekki innheimta þá kröfu. Á móti þessari bakfærslu er hækkun á rekstrarkostnaði samanborið við fyrra ár, meðal annars vegna innkomu Varðar sem dótturfélags í lok síðasta árs og aukinna umsvifa Valitor erlendis. Kostnaður sem hlutfall af eignum nam 2,5% á fyrri helmingi 2017, samanborið við 3,0% á sama tímabili 2016.



*Laun og launatengd gjöld* námu 8.783 milljónum króna og hækkuðu um 4% frá fyrra ári. Hækkunina má einkum rekja til kaupa á dótturfélaginu Verði undir lok árs 2016 og fjölgunar starfsfólks í alþjóðlegri starfsemi dótturfélagsins Valitor. Reiknuð meðallaun starfsfólks samstæðunnar hafa hækkað um tæplega 1% frá sama tímabili 2016 en á sama tíma hækkaði launavísitala um ríflega 6%. Fjöldi stöðugilda hjá samstæðunni var 1.223 í lok júní sem sýnir hækkun um 24 frá sama tíma fyrir ári. Aukninguna má einkum rekja til fjárfestinga í nýjum viðskiptatækifærum hér á landi og erlendis, þ.e. kaupin á Verði, nýtt útibú í Flugstöð Leifs Eiríkssonar og vöxtur í alþjóðlegri starfsemi Valitor.

*Annar rekstrarkostnaður* var 5.057 milljónir króna á fyrri helmingi ársins 2017 og lækkar um 25% frá sama tímabili 2016. Lækkunin skýrist, eins og áður segir, einkum af bakfærslu skuldar að fjárhæð 2.669 milljónir króna við Tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta. Á móti kemur hækkun á öðrum rekstrarkostnaði vegna innkomu Varðar í samstæðuna, kostnaðar við aukin umsvif alþjóðlegrar starfsemi Valitor og aukins kostnaðar við upplýsingatækni, en bankinn úthýsti að hluta rekstri tölvukerfa sinna til Nýherja nú í byrjun árs.

*Hrein virðisbreyting* var jákvæð sem nemur 1.289 milljónum króna á fyrri helmingi ársins 2017 samanborið við 945 milljónir króna á sama tímabili 2016. Jákvæð hrein virðisbreyting er einkum komin til vegna greiðslna tengdum nauðasamningum, lokagreiðslna vegna uppgjörslitabúa þar sem lán höfðu áður verið niðurfærð hjá bankanum og vegna uppgreiðslna á eldri lánum hjá bankanum, einkum lánum til íbúðakaupa.

*Tekjuskattur* nam 3.161 milljón króna á fyrri helmingi ársins samanborið við 2.091 milljón króna á sama tímabili 2016. Tekjuskattur, eins og hann er settur fram í ársreikningi, samanstendur af 20% tekjuskatti af hagnaði og 6% sérstökum fjársýsluskatti sem lagður er á hagnað fjármálafyrirtækja umfram einn milljarð króna. Virkt tekjuskattshlutfall er 23,9% samanborið við 18,2% á fyrstu sex mánuðum 2016. Hið háa tekjuskattshlutfall á fyrri helmingi ársins má m.a. rekja til þess að afkoma móðurfélagsins vegur umtalsvert þyngra nú í heildarafkomu en hún gerði á fyrstu sex mánuðum ársins 2016 og bankinn greiðir sérstakan viðbótarskatt á hagnað yfir 1 milljarði króna.



## Annar ársfjórðungur 2017

Afkoma annars ársfjórðungs 2017 var góð, líkt og hún var á sama tímabili 2016. Einskiptisliðir hafa umtalsverð áhrif bæði árin. Arðsemi eigin fjár á fjórðungnum var 13,0% en nam 13,3% á sama tíma fyrir ári.

<i>Í milljónum króna</i>	<b>2F 2017</b>	<b>2F 2016</b>	<b>Breyting</b>	<b>Breyt. %</b>
Hreinar vaxtatekjur	8.160	7.353	807	11%
Hreinar þóknatekjur	3.508	3.526	(18)	(1%)
Hreinar fjármunatekjur	1.975	3.797	(1.822)	(48%)
Hreinar tekjur af tryggingastarfsemi	606	247	359	145%
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélagi og niðurfærsla	(900)	18	(918)	-
Aðrar rekstrartekjur	1.470	283	1.187	419%
<b>Rekstrartekjur</b>	<b>14.819</b>	<b>15.224</b>	<b>(405)</b>	<b>(3%)</b>
Laun og launatengd gjöld	(4.561)	(4.318)	(243)	6%
Annar rekstrarkostnaður	(1.223)	(3.641)	2.418	(66%)
Bankaskattur	(777)	(743)	(34)	5%
Hrein virðisbreyting	409	1.448	(1.039)	(72%)
<b>Hagnaður fyrir skatta</b>	<b>8.667</b>	<b>7.970</b>	<b>697</b>	<b>9%</b>
Tekjuskattur	(1.827)	(1.354)	(473)	35%
<b>Hagnaður af áframhaldandi starfsemi</b>	<b>6.840</b>	<b>6.616</b>	<b>224</b>	<b>3%</b>
Afkoma af eignum til sölu eftir skatta	273	259	14	5%
<b>Hagnaður</b>	<b>7.113</b>	<b>6.875</b>	<b>238</b>	<b>3%</b>

*Rekstrartekjur* á öðrum ársfjórðungi námu 14.819 milljónum króna og eru um 3% lægri en á fyrra ári, sem skýrist einkum af hagnaði bankans af sölu á eignarhlut í Visa Europe á öðrum ársfjórðungi 2016 og niðurfærslu eignarhlutar bankans í hlutdeildarfélaginu United Silicon, sem gerð var á fjórðungnum. Hreinar vaxtatekjur hækka um 11% á milli ára en hreinar þóknatekjur standa nánast í stað. Hreinar fjármunatekjur námu 1.975 milljónum króna en almennt var ávöxtun verðbréfa með ágætum á tímabilinu. Tekjur af tryggingastarfsemi aukast verulega milli ára, vegna innkomu Varðar í samstæðuna undir lok árs 2016 og aðrar rekstrartekjur eru mun hærri en á sama tíma fyrir ári, einkum vegna virðisbreytinga fjárfestingareigna.

*Rekstrarkostnaður* lækkar verulega samanborið við fyrra ár, sem kemur til af bakfærslu skuldar við Tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta á tímabilinu en að henni undanskyldri stendur kostnaður í stað eða hækkar í takt við aukin umsvif, einkum hjá dótturfélögum.

*Hrein virðisbreyting* er jákvæð um 409 milljónir króna á öðrum ársfjórðungi sem er heldur minna en var á sama tímabili 2016, en þá komu til háar greiðslur úr þrotabúum, sem ekki var búist við í verðmati lánanna.



## Afkoma tekjusviða

Arion banki skiptir rekstrinum í fimm afkomusvið auk dótturfélaga og stoðsviða. Afkomusviðin eru eignastýring, fyrirtækjasvið, fjárfestingarbankasvið, viðskiptabankasvið og fjárstýring.

Afkoma fyrir skatta var jákvæð af öllum afkomusviðum á fyrri helmingi 2017.

1.1.-30.6.2017 í milljónum króna	Eignastýring	Fyrirtækja- svið	Fjárfestingar- bankasvið	Viðskipta- bankasvið	Fjárstýring	Höfuðst., dótturfélög og aðrar deildir	Samtals
Hreinar vaxtatekjur	275	3.195	132	7.899	3.326	493	15.320
Hreinar þóknatekjur	1.776	457	637	2.148	(157)	1.977	6.838
Aðrar tekjur	68	1.256	(38)	26	(317)	4.179	5.174
<b>Rekstrartekjur</b>	<b>2.119</b>	<b>4.908</b>	<b>731</b>	<b>10.073</b>	<b>2.852</b>	<b>6.649</b>	<b>27.332</b>
Rekstrarkostnaður	(434)	(156)	(402)	(1.637)	280	(11.491)	(13.840)
Bankaskattur	0	0	0	0	0	(1.574)	(1.574)
Hrein virðisbreyting	0	832	21	402	55	(21)	1.289
<b>Afkoma fyrir skatta</b>	<b>1.685</b>	<b>5.584</b>	<b>350</b>	<b>8.838</b>	<b>3.187</b>	<b>(6.437)</b>	<b>13.207</b>

1.1.-30.6.2016 í milljónum króna	Eignastýring	Fyrirtækja- svið	Fjárfestingar- bankasvið	Viðskipta- bankasvið	Fjárstýring	Höfuðst., dótturfélög og aðrar deildir	Samtals
Hreinar vaxtatekjur	300	3.151	940	7.731	2.301	203	14.626
Hreinar þóknatekjur	1.865	497	771	1.562	(190)	2.242	6.747
Aðrar tekjur	2	(44)	704	79	(396)	5.465	5.810
<b>Rekstrartekjur</b>	<b>2.167</b>	<b>3.604</b>	<b>2.415</b>	<b>9.372</b>	<b>1.715</b>	<b>7.910</b>	<b>27.183</b>
Rekstrarkostnaður	(752)	(330)	(583)	(3.043)	(113)	(10.335)	(15.156)
Bankaskattur	0	0	0	0	0	(1.485)	(1.485)
Hrein virðisbreyting	0	1.405	1.446	(1.858)	3	(51)	945
<b>Afkoma fyrir skatta</b>	<b>1.415</b>	<b>4.679</b>	<b>3.278</b>	<b>4.471</b>	<b>1.605</b>	<b>(3.961)</b>	<b>11.487</b>

**Eignastýringarsvið** skiptist í eignastýringu fagfjárfesta, einkabankapjónustu, fjárfestingarþjónustu og rekstur lífeyrissjóða. Eignastýring Arion banka stýrir fjármunum fyrir hönd viðskiptavina samkvæmt fyrirfram ákveðinni fjárfestingarstefnu hvers og eins. Jafnframt annast sviðið sölu á sjóðum Stefnis hf. til einstaklinga, fyrirtækja, stofnana og fagfjárfesta sem og sölu á sjóðum alþjóðafyrirtækja. Til viðbótar sinnir sviðið rekstri lífeyrissjóða. Stefnir hf. er sjálfstætt starfandi fjármálfyrirtæki í eigu Arion banka. Stefnir annast stýringu á fjölbreyttu úrvali verðbréfa-, fjárfestinga-, og fagfjárfestasjóða.

í milljónum króna	6M 2017	6M 2016	Breyting
Hreinar vaxtatekjur	275	300	(8,3%)
Hreinar þóknatekjur	1.776	1.865	(4,8%)
Aðrar tekjur	68	2	-
<b>Rekstrartekjur</b>	<b>2.119</b>	<b>2.167</b>	<b>(2,2%)</b>
Rekstrarkostnaður	(434)	(752)	(42,3%)
<b>Afkoma fyrir skatta</b>	<b>1.685</b>	<b>1.415</b>	<b>19,1%</b>

Lækkun rekstrartekna á milli ára má einkum rekja til breytinga í markaðsumhverfi sviðsins. Starfsemin er þó stöðug og eignir í stýringu hafa aukist jafnt og þétt á liðnum árum.



**Fyrirtækjasvið** veitir stærri fyrirtækjum landsins alhliða fjármálaþjónustu og sérsniðnar lausnir sem þjóna þeirra þörfum hverju sinni. Fyrirtækjasvið býður lausnir á sviði fjármögnunar, innlána, greiðslumiðlunar og virðisaukandi stafrænnar þjónustu.

<i>í milljónum króna</i>	6M 2017	6M 2016	Breyting
Hreinar vaxtatekjur	3.195	3.151	1,4%
Hreinar þóknatekjur	457	497	(8,0%)
Aðrar tekjur	1.256	(44)	-
<b>Rekstrartekjur</b>	<b>4.908</b>	<b>3.604</b>	<b>36,2%</b>
Rekstrarkostnaður	(156)	(330)	(52,7%)
Hrein virðisbreyting	832	1.405	(40,8%)
<b>Afkoma fyrir skatta</b>	<b>5.584</b>	<b>4.679</b>	<b>19,3%</b>

Vaxtamunur fyrirtækjasviðs er mjög svipaður milli ára en lækkun í hreinum þóknatekjum má einkum rekja til minni umsvifa í lánveitingum á fyrri helmingi ársins 2017 borið saman við sama tímabil á fyrra ári.

**Fjárfestingarbankasvið** skiptist í fyrirtækjaráðgjöf, markaðsviðskipti og greiningardeild. Fyrirtækjaráðgjöf veitir ráðgjöf við kaup og sölu fyrirtækja og við stærri fjárhagsákvæðanir sem fyrirtæki og fjárfestar standa frammi fyrir. Fyrirtækjaráðgjöf veitir þannig ráðgjöf er varðar fjárhagslega endurskipulagningu fyrirtækja og sér um útboð og skráningu verðbréfa. Markaðsviðskipti annast verðbréfa- og gjaldeyrismiðlun fyrir hönd viðskiptavina bankans. Markaðsviðskipti sjá einnig um útgáfu verðbréfa fyrir viðskiptavinina sína og veita ráðgjöf um áhættustýringu, oft í samstarfi við fyrirtækjaráðgjöf. Greiningardeild er sjálfstæð frá öðrum sviðum bankans en heyrir undir fjárfestingarbankasvið. Greiningardeild fjallar um íslenskt efnahagslíf og fjármálamarkaði.

<i>í milljónum króna</i>	6M 2017	6M 2016	Breyting
Hreinar vaxtatekjur	132	940	(86,0%)
Hreinar þóknatekjur	637	771	(17,4%)
Aðrar tekjur	(38)	704	(105,4%)
<b>Rekstrartekjur</b>	<b>731</b>	<b>2.415</b>	<b>(69,7%)</b>
Rekstrarkostnaður	(402)	(583)	(31,0%)
Net impairment	21	1.446	(98,5%)
<b>Afkoma fyrir skatta</b>	<b>350</b>	<b>3.278</b>	<b>(89,3%)</b>

Breytingar voru gerðar á fjárfestingarbankasviði á árinu 2016 þegar stór hluti eignasafns sviðsins var fluttur til annarra deilda, einkum á skrifstofu bankastjóra, sem er hluti af höfuðstöðvum. Af þeim sökum verða umtalsverðar breytingar á hreinum vaxtatekjum og öðrum tekjum milli ára. Hreinar þóknatekjur, sem eru meginstoð tekna sviðsins, eru heldur lægri, vegna minni umsvifa í fyrirtækjaráðgjöf.



**Viðskiptabankasvið** veitir margvíslega þjónustu, þ.m.t. innlán og útlán, fjölbreyttar sparnaðarleiðir, greiðslukort, lausnir á sviði lífeyrissparnaðar, tryggingar, verðbréf og sjóðir. Til að ná fram hámarksskilvirkni er útibúum samstæðunnar skipt í fimm klasa og fá smærri útibúin stuðning frá stærri einingum innan hvers klasa. Viðskiptavinir viðskiptabankasviðs, sem rekur 24 útibú og afgreiðslur víðs vegar um landið, eru yfir 100.000. Fagfjárfestingarsjóður Arion banka hf. (Arion Bank Mortgages Institutional Investor Fund) tilheyrir viðskiptabankasviði.

<i>í milljónum króna</i>	6M 2017	6M 2016	Breyting
Hreinar vaxtatekjur	7.899	7.731	2,2%
Hreinar þóknatekjur	2.148	1.562	37,5%
Aðrar tekjur	26	79	(67,1%)
<b>Rekstartekjur</b>	<b>10.073</b>	<b>9.372</b>	<b>7,5%</b>
Rekstrarkostnaður	(1.637)	(3.043)	(46,2%)
Hrein virðisbreyting	402	(1.858)	(121,6%)
<b>Afkoma fyrir skatta</b>	<b>8.838</b>	<b>4.471</b>	<b>97,7%</b>

Rekstartekjur á fyrstu sex mánuðum ársins aukast um 7,5% milli ára og er aukin áhersla síðustu ára á þóknatengda starfsemi að skila sér í auknum tekjum. Jákvæður samanburður á hreinum virðisbreytingum útlána milli ára er einkum tilkomin vegna neikvæðra einskisráðgjafna skuldaleiðréttingar ríkisstjórnarinnar á fyrsta ársfjórðungi 2016, sem gengið var frá með lokagreiðslu frá ríkinu, en einnig eru umtalsverðar jákvæðar virðisbreytingar vegna uppgreiðslu íbúðalána á fyrri helmingi þessa árs.

**Fjárfstýring** annast lausafjárfstýringu bankans auk gjaldeyris- og vaxtastýringar. Önnur meginhlutverk fjárfstýringar eru verðlagning fjármagns til útlánasviða og stýring og verðlagning fjármálaafurða.

<i>í milljónum króna</i>	6M 2017	6M 2016	Breyting
Hreinar vaxtatekjur	3.326	2.301	44,5%
Hreinar þóknatekjur	(157)	(190)	(17,4%)
Aðrar tekjur	(317)	(396)	(19,9%)
<b>Rekstartekjur</b>	<b>2.852</b>	<b>1.715</b>	<b>66,3%</b>
Rekstrarkostnaður	280	(113)	(347,8%)
Hrein virðisbreyting	55	3	-
<b>Afkoma fyrir skatta</b>	<b>3.187</b>	<b>1.605</b>	<b>98,6%</b>

Rekstartekjur fjárfstýringar hækka milli ára, einkum vegna hærri vaxtatekna af innstæðum hjá Seðlabanka og öðru lausafé en tap í öðrum tekjum má rekja til neikvæðra gangvirðisbreytinga afleiðna sem notaðar eru til áhættuvarna en eru ekki bókfærðar samkvæmt áhættuvarnarreikningskilum.





## EFNAHAGSREIKNINGUR

**Heildareignir** samstæðu Arion banka jukust um 9% frá árslokum 2016. Einkum má rekja hækkunina til aukningar á sjóði og innstæðum hjá Seðlabanka Íslands og lána til viðskiptavina en lán til lánastofnana og verðbréfaeign lækkar.

<i>Í milljónum króna</i>	<b>30.06.2017</b>	<b>31.12.2016</b>	<b>Breyt.</b>	<b>Breyt.%</b>
Sjóður og innstæður hjá Seðlabanka Íslands	151.354	87.634	63.721	73%
Lán til lánastofnana	78.250	80.116	(1.866)	(2%)
Lán til viðskiptavina	733.649	712.422	21.226	3%
Verðbréfaeign	109.353	117.456	(8.103)	(7%)
Fjárfestingareignir	7.166	5.358	1.809	34%
Eignarhlutir í hlutdeildarfélagum	825	839	(13)	(2%)
Óefnislegar eignir	11.639	11.057	582	5%
Aðrar eignir	34.174	21.142	13.032	62%
<b>Eignir samtals</b>	<b>1.126.411</b>	<b>1.036.024</b>	<b>90.389</b>	<b>9%</b>

*Sjóður og innstæður hjá Seðlabanka Íslands* námu 151.354 milljónum króna í lok júní 2017, samanborið við 87.634 milljónir króna í árslok 2016. Aukninguna má einkum rekja til aukinna innlána, einkum á viðskiptabankasviði en einnig endurspeglast ný lántaka bankans á fyrri helmingi ársins í mjög sterkri lausafjárstöðu.

*Lán til viðskiptavina* námu 733.649 milljónum króna í lok júní 2017, sem er 3% aukning frá áramótum. Lán til fyrirtækja hafa aukist um 4,0% á tímabilinu, einkum tengt fasteignum og sjávarútvegi. Lán til einstaklinga jukust um ríflega 2% á fyrri helmingi ársins. Gæði lánasafns bankans til viðskiptavina halda áfram að aukast og lækkar hlutfall vandræðalána bankans úr 1,6% í 1,3% á tímabilinu en vandræðalán eru skilgreind sem bókfært virði lána sem komin eru í 90 daga vanskil og lána sem talin eru þurfa sértæka niðurfærslu. Þegar horft er til hlutfalls lána bankans sem hafa verið niðurfærð var það hlutfall 2,1% í lok júní 2017 og hafði lækkað úr 3,2% í árslok 2016.

*Verðbréfaeign* nam 109.353 milljónum króna í lok júní 2017, samanborið við 117.456 milljónir króna í árslok 2016. Verðbréfaeign lækkar vegna sölu eigna, m.a. sölu á öllum eignarhlutum bankans í Fasteignafélaginu Reitum og Símanum hf. Breytingar á verðbréfaeign má einnig að nokkru rekja til lausafjárstýringar bankans.

**Skuldir** samstæðu Arion banka hækka nokkuð frá áramótum sem rekja má til hækkunar á skammtíma innlánnum og nýrrar lántöku. **Eigið fé** hækkar vegna afkomu fyrri helmings ársins 2017.

<i>Í milljónum króna</i>	<b>30.06.2017</b>	<b>31.12.2016</b>	<b>Breyt.</b>	<b>Breyt.%</b>
Innlán lánastofnana og Seðlabanka Íslands	7.644	7.987	(343)	(4%)
Innlán frá viðskiptavinum	437.494	412.064	25.430	6%
Fjárskuldir á gangvirði	5.029	3.726	1.303	35%
Aðrar skuldir	74.416	61.387	13.029	21%
Lántaka	380.061	339.476	40.585	12%
Eigið fé hluthafa	221.593	211.212	10.381	5%
Minnihluti	174	172	2	1%
<b>Skuldir og eigið fé samtals</b>	<b>1.126.411</b>	<b>1.036.024</b>	<b>90.386</b>	<b>9%</b>

*Innlán frá viðskiptavinum* námu 437.494 milljónum króna í lok júní samanborið við 412.064 milljónum í árslok 2016. Aukningin er einkum tilkomin vegna aukinna innlána hjá viðskiptabankasviði.

*Lántaka* bankans nam 380.061 milljónum króna í lok tímabilsins. Arion banki gaf út 200 milljóna evru skuldabréf í janúar og bætti þar með við fimm ára útgáfu sína frá því í nóvember, sem er nú upp á 500 milljónir evra. Sú útgáfa var að hluta notuð til að greiða niður skuldabréf í Bandaríkjadöllum sem eru í eigu Kaupþings, en skuldabréfið var að fullu greitt á tímabilinu. Í júní gaf bankinn út 300 milljóna evru skuldabréf til þriggja ára, m.a. til að mæta fjármögnunarpörf næsta árs. Þróun á alþjóðlegum skuldabréfamörkuðum hefur verið bankanum hagstæð og kjör batnað jafnt og þétt, enda bankinn orðinn reglulegur útgefandi bréfa. Þá gaf bankinn út þrjár minni útgáfur erlendis upp á samtals 5,1 milljarð króna í norskurum og sænskum krónum. Bankinn hélt einnig áfram útgáfu sértryggðra skuldabréfa á íslenska markaðnum og gaf út 11,6 milljarða króna á fyrri helmingi ársins 2017.



Eigið fé hluthafa bankans nam 221.593 milljónum króna í lok júní 2017 samanborið við 211.212 milljónum króna í lok árs 2016. Hækkunin skýrist nær alfarið af afkomu tímabilsins, en engin ákvörðun hefur verið tekin um arðgreiðslu á árinu. Hlutfall eiginfjárbáttar A hjá bankanum nam 27,8% í lok tímabilsins samanborið við 26,5% í árslok 2016. Eiginfjárlutfall samkvæmt reglum FME var 27,7% í lok júní samanborið við 26,5% í lok árs 2016.

## ATBURÐIR EFTIR 30. JÚNÍ 2017

Sameinað Sílikon hf. („United Silicon“), sem er hlutdeildarfélag Arion banka sem og lántaki hjá bankanum, var þann 14. ágúst 2017 veitt heimild til greiðslustöðvunar sem miðar að því að ná bindandi nauðasamningum við lánadrottna. Ástæðan er erfiðleikar í rekstri kísilmálmverksmiðju félagsins í Helguvík, sem hóf framleiðslu í nóvember 2016, og rekja má til síendurtekinnna bilana í búnaði sem hafa valdið félaginu miklu tjóni. Nýfallinn gerðardómur í deilu félagsins við ÍAV hf. eykur enn á óvissu félagsins.

United Silicon mun nýta greiðslustöðvunarfrestinn til að semja við lánadrottna og aðra hlutaðeigandi til að endurskipuleggja reksturinn. Einnig er ljóst félagið þarfnast aukins fjármagns svo bæta megi búnað og aðstöðu svo verksmiðjan standist framleiðslumarkmið og gæðakröfur sem sett hafa verið.

Arion banki er stærsti lánveitandi United Silicon og er með um 8,0 milljarða króna útistandandi við félagið (þ.m.t. lánsloforð og ábyrgðir). Þar að auki á bankinn 16,3% eignarhlut í félaginu en honum fylgir 23,9% atkvæðismagn. Eignarhluturinn hefur verið niðurfærður að fullu. Frekari niðurfærsluþörf er enn mjög óljós og er háð fjárhagslegri endurskipulagningu í kjölfar samninga United Silicon, Arion banka og annarra hlutaðeigandi. Arion banki á í viðræðum við United Silicon, svo lágmarka megi mögulegt framtíðartjón bankans.



## KENNIÖLUR

	6 mán. '17	2016	6 mán '16
Arðsemi eigin fjár	9,7%	10,5%	9,5%
Arðsemi eigna	1,9%	2,1%	1,9%
Vaxtamunur á vaxtaberandi eignir	3,0%	3,1%	3,1%
Vaxtamunur á heildareignir	2,8%	2,9%	2,9%
Kostnaðarhlutfall	50,6%	57,2%	55,8%
Kostnaður sem hlutfall af eignum	2,5%	3,0%	3,0%
Virkur tekjuskattur	23,9%	23,5%	18,2%
CAD hlutfall (Eiginfjárlutfall)	28,4%	27,1%	27,8%
Tier 1 hlutfall	27,8%	26,5%	26,8%
Vandræðalán	1,3%	1,6%	1,9%
Heildar niðurfærð lán / Heildar lán	2,1%	3,2%	3,8%
Áhættuvegnar eignir sem hlutfall af heildareignum	67,0%	72,7%	71,8%
Útlán sem hlutfall af innlánunum	167,7%	172,9%	168,6%
Meðalfjöldi stöðugilda	1.214	1.201	1.171
Fjöldi stöðugilda í lok tímabils - samstæða	1.223	1.239	1.216
Meðalfjöldi stöðugilda - móðurfélag	826	889	885
Fjöldi stöðugilda í lok tímabils - móðurfélag	817	869	896

## FJÁRHAGSLEG MARKMIÐ

Á seinni hluta ársins 2016 setti Arion banki sér eftirfarandi markmið til næstu fjögurra til fimm ára.

- *Eiginfjárfkrafa (CET 1)* Lækka niður undir 17%
- *Lánavöxtur* Lánavöxtur sé umfram vöxt í efnahagslífinu á næstu árum
- *Arðsemi eigin fjár* Ná tveggja stafa arðsemi
- *Arðgreiðslustefna* Arðgreiðsluhlutfall í kringum 50% af hagnaði til hluthafa
- *Kostnaðarhlutfall* Lækka í um það bil 50%

## FUNDUR MEÐ MARKAÐSAÐILUM

Arion banki mun halda símafund á ensku fyrir markaðsaðila, fimmtudaginn 24. ágúst, klukkan 13:00. Á fundinum mun Stefán Pétursson, fjármálastjóri Arion banka, fara yfir helstu atriði í uppgjöri bankans. Áhugasamir geta sent tölvupóst á [ir@arionbanki.is](mailto:ir@arionbanki.is) og fá í kjölfarið sendar nánari upplýsingar varðandi þátttöku á símafundinum.

Nánari upplýsingar veitir Haraldur Guðni Eiddsson, samskiptasviði Arion banka, [haraldur.eidsson@arionbanki.is](mailto:haraldur.eidsson@arionbanki.is), s: 856 7108.

## FJÁRHAGSDAGATAL 2017-18

Samkvæmt áætlun munu uppgjör bankans verða birt sem hér segir:

Árshlutauppgjör 3F 2017	15. nóvember 2017
Ársreikningur 2017	14. febrúar 2018
Ársskýrsla 2017	1. mars 2018
Aðalfundur	15. mars 2018
Árshlutauppgjör 1F 2018	2. maí 2018
Árshlutauppgjör 2F 2018	1. ágúst 2018
Árshlutauppgjör 3F 2018	31. október 2018

Dagatalið er birt með fyrirvara um breytingar.